

**2300. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 31. október 2023 og hófst kl. 15:30. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.**

---

**Mættir stjórnarmenn:** Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynisdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

**Mættir varamenn:** Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Jón Sigurður Pétursson og Jón Rúnar Halldórsson.

**Mættir fulltrúar landshluta:** Eva Dís Pálmadóttir (AL) og Oddný Eva Böðvarsdóttir (VL).

**Forföll:** Orri V. Hlööversson, Sigrún Ríkharðsdóttir (varamaður í stjórn), Ómar Bragi Stefánsson (landshlutafulltrúi NL) og Trausti Hjaltason (landshlutafulltrúi SL).

**Mættur framkvæmdastjóri:** Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

**Fundargögn:**

- Fundargerð fundar 2299
- Tillaga til breytinga á enskri útgáfu af leyfisreglugerð KSÍ
- Drög að dagskrá formanna- og framkvæmdastjórafundar KSÍ
- Minnisblað varðandi kaup á varaafstöð fyrir Laugardalsvöll
- Minnisblað varðandi mögulega umspilsleiki A landsliðs karla í mars 2024
- Athugasemdir KSÍ við tillögu að endurskoðaðri reglugerð ÍSÍ um afrekssjóð ÍSÍ

- 
1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt
    - a. Fundargerð 2299.
  2. Fundargerðir nefnda og fréttir frá ÍTF
    - a. Jón Rúnar Halldórsson varaformaður ÍTF fór yfir fréttir af vettvangi ÍTF.
    - b. Fundargerðir nefnda/starfshópa voru lagðar fram til kynningar:
      - ✓ Fjárhags- og endurskoðunarnefnd 17. og 23. október.
  3. Lög og reglugerðir
    - a. Lögð var fram til kynningar tillaga til breytinga á viðaukum í enskri útgáfu af leyfisreglugerð KSÍ. Stjórnarfolk var beðið að kynna sér tillögurnar fyrir næsta fund, en þá verður málið lagt til afgreiðslu.
  4. Formanna- og framkvæmdastjórafundur KSÍ
    - a. Drög að dagskrá lögð fram til kynningar og umræðu. Gert er ráð fyrir opinni dagskrá fyrir hádegi með áherslu á mannvirkjamál en eftir hádegi verði hefðbundinn formanna- og framkvæmdastjórafundur þar sem m.a. verður kynning á nýrri stefnumótun KSÍ.
  5. Laugardalsvöllur
    - a. Farið yfir komandi dagskrá á Laugardalsvelli.
    - b. Rætt var um fjármögnun aðgerða við að halda Laugardalsvelli leikhæfum fyrir leiki í nóvember. Fulltrúar KSÍ hafa fundað með Mennta- og barnamálaráðherra, Kópavogsbæ og Reykjavíkurborg vegna málsins.
    - c. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela Laga- og leikreglanefnd að endurskoða ákvæði í leyfisreglugerð um Laugardalsvöll sem varavöll fyrir Evrópukeppni félagsliða.*
    - d. Rætt um næstu skref varðandi Laugardalsvöll, yfirborð vallarins og undirhita. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður upplýsti stjórn um fund sem fulltrúar KSÍ áttu með STRÍ þann 24. október síðastliðinn. STRÍ er óháð fyrirtæki sem hefur m.a. unnið fyrir UEFA og FIFA

að vallarmálum á EM og HM. Beðið er frekari greiningargagna varðandi yfirborðsefni á völlinn.

- e. Lagt fram minnisblað um kaup á varaflstöð fyrir Laugardalsvöll. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.

## 6. Mótamál

- a. Dagskrárlíð 6.a. var frestað: Þátttökutilkynning í mót 2024; þátttökugjöld og gjöld vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara.

## 7. Málefni landshluta

- a. Eva Dís Pálmadóttir landshlutafulltrúi Austurlands ræddi um stöðu knattspyrnunnar á Austurlandi, m.a. um nýtt gervigras á Fellavelli. Rætt var um ferðakostnað liðanna á landsbyggðinni og þá greiningarvinnu á ferðakostnaði sem hafin er að beiðni og frumkvæði KSÍ í samvinnu við sveitastjórn Múlaþings. Vonir standa til þess að það leiði til frekari fjárveitinga í ferðaþátttökusjóð ÍSÍ. Oddný Eva Böðvarsdóttir fulltrúi Vesturlands ræddi um stöðu knattspyrnunnar á Vesturlandi. Rætt um vallaraðstæður á Ísafirði sem standa til bóta.

## 8. Barna- og unglíngastyrkur KSÍ

- a. Umræðu frestað, beðið gagna frá UEFA.

## 9. Landsliðsmál

- a. Rætt um mögulegt umspil A karla í mars 2024 vegna EM í Þýskalandi en dregið verður í umspilinu 23. nóvember næstkomandi (um heimaleikjarétt í seinni leik). Minnisblað lagt fram til kynningar. Stjórn KSÍ harmar ákaflega þá stöðu sem íslensk knattspyrna er í vegna aðstöðuleysis, þrátt fyrir alla þá vinnu sem hefur verið unnin undanfarin ár. *Það er þungbær ákvörðun fyrir stjórn KSÍ að samþykka að óska formlega eftir því við UEFA að mögulegur heimaleikur A landsliðs karla í mars 2024 verði leikinn á hlutlausum velli utan Íslands enda eru aðstæður ekki fyrir hendi til að leika þann leik hérlandis. Þá samþykkti stjórn KSÍ enn fremur að sækja um undanþágu frá UEFA fyrir mögulegan heimaleik A landsliðs kvenna í febrúar 2024.*

## 10. Önnur mál

- a. Rætt var um fundi sem fram fóru á síðustu vikum með ÍSÍ. Þar ber fyrst að nefna fund forseta ÍSÍ með formönnum sérsambanda þann 16. október, í öðru lagi upplýsingafund ÍSÍ með sérsamböndum vegna endurskoðunar reglugerðar um afrekssjóð sem fram fór þann 17. október og í þriðja lagi var fundur fulltrúa KSÍ með fulltrúum afrekssjóðs þann 19. október. Þessum fundum hefur verið fylgt eftir með bréfum, fyrst almennu bréfi vegna fyrirkomulags endurskoðunar reglugerðar um afrekssjóð, þá athugasemdum KSÍ við tillögu að nýrri reglugerð afrekssjóðs og að lokum með bréfi þar sem fylgt var eftir sjónarmiðum KSÍ sem fram komu á fundi þann 19. október síðastliðinn. Stjórn KSÍ vonar að þessi vinna skili árangri varðandi úthlutanir úr afrekssjóði ÍSÍ á komandi árum.
- b. Stjórn KSÍ staðfesti veitingu heiðursmerkja á milli funda:

### Grindavík

- ✓ Edvard Júlíusson, gullmerki.
- ✓ Petra Rós Ólafsdóttir, silfur
- ✓ Ragnheiður Þóra Ólafsdóttir, silfur
- ✓ Þórhallur Benónýsson, silfur
- ✓ Eiríkur Leifsson, silfur

### Keflavík

- ✓ Þorsteinn Magnússon, gull
- ✓ Falur Daðason, gull
- ✓ Jón Örvar Arason, gull
- ✓ Þórólfur Þorsteinsson, gull
- ✓ Benedikta Benediktsdóttir, silfur
- ✓ Björgvin Magnússon, silfur
- ✓ Ólafur Sólimann, silfur
- ✓ Ingvar Georgsson, silfur
- ✓ Kjartan Steinarsson, silfur
- ✓ Sigurður Garðarsson, silfur
- ✓ Jón Benediktsson, silfur
- ✓ Kristján Helgi Jóhannsson, silfur
- ✓ Hjördís Baldursdóttir, silfur

Þá upplýsti Halldór B. Jóhannsson stjórn um að Gísli Gíslason og Sif Atladóttir hefðu samþykkt að taka sæti í óformlegum starfshópi um heiðursmerki sambandsins.

- c. Formanna- og framkvæmdastjórafundur ÍSÍ verður þann 24. nóvember 2023.
- d. Rætt um fund fulltrúa KSÍ og ÍTF um markaðsátak sem fram fór 31. október.

**Næstu stjórnarfundir:**

- 6. nóvember, stjórnarfundur
- 25. nóvember, formanna- og framkvæmdastjórafundur
- 29. nóvember, stjórnarfundur
- 7. desember, stór fundur (stjórn, varamenn og fulltrúar landshluta)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 17:25.